

Umhverfisstofnun
Suðurlandsbraut 24
108 Reykjavík

15. desember 2020

Umsögn um: Starfsleyfi Sorpu fyrir urðunarstað í Álfsnesi.

SORPA bs. sótti um breytingu á starfsleyfi sínu til urðunar úrgangs í Álfsnesi. Óskað er eftir breytingu á gildistíma heimildar til urðunar sem hefur í núverandi leyfi takmarkaðan gildistíma. Gildistími núverandi heimildar til urðunar fellur úr gildi í lok árs 2020 en sótt er um heimild til áframhaldandi urðunar út árið 2023.

Forsendur starfsleyfis?

Í Fylgiskjali á bls. 16 kemur fram að Umhverfisstofnun hafi ekki verið heimilt að veita leyfi til urðunar lengur en til október 2018 og hafi úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála því fellt úr gildi þau ákvæði starfsleyfisins sem snéru að urðun úrgangs. Jafnframt kemur fram að eftir þann úrskurð hafi yfirlýsing eigenda SORPU bs., sem eru aðilar eigendasamkomulagsins, verið undirrituð þann 1. október 2018 sem viðauki en þar kemur fram að aðilar samkomulagsins staðfesta að túlka beri samkomulagið með þeim hætti að urðun verði hætt í Álfsnesi í seinasta lagi í lok desember 2020.

Þrátt fyrir þetta er í starfsleyfinu tilgreint að heimilt verði að urða allt að 120.000 tonn árið 2020, 77.000 tonn árið 2021 og 38.000 tonn á ári árin 2022 og 2023. Hvernig samrýmist það því að hætta beri urðun í seinasta lagi í lok desember árið 2020?

Stöðug, óvirk spilliefni.

Fram kemur í lið 1.2 að heimilt verði að urða stöðug, óvirk spilliefni. Rétt er að gera grein fyrir hvaða efni þar er um að ræða í starfsleyfinu. Öll efni sem hægt er að endurvinna eða endurnýta ættu frekar að fara í þann farveg frekar en urðun. Efni eins og asbest ætti hinsvegar að urða með öruggum hætti.

Undirlag (hriplag) undir urðunarreinum.

Í starfsleyfinu er ekki gerð grein fyrir leyfilegu undirlagi (hriplagi) undir urðunarreinum. Í undirlag ætti ekki að nota endurvinnanleg efni eins og dekkjakurl úr hjólbörðum.

Eftirlit, valdsvið og þvingunarúrræði.

Í grein 1.3 er fjallað um eftirlit. Í 3. mgr. kemur fram að þvingunarúrræði séu í grein 1.7 en þetta á að vera 1.8.

Svo virðist sem Umhverfisstofnun hafi ekki beitt urðunarstað Sorpu þvingunarúrræðum eða viðurlögum með stjórnvaldssektum þótt lyktarmengun hafi verið viðvarandi vandamál frá urðunarstaðnum um árabíl en skráðum kvörtunum vegna lyktar í Mosfellsbæ eru um hundrað á ári undanfarin ár. Að láta þetta ástand

viðgangast árum saman án þess að eftirlitsaðili grípi til aðgerða er ekki sannfærandi stjórnsýsla.

Lykt frá Álfsnesi.

Sorplyktin sem berst frá urðunarstaðnum til Mosfellsbæjar í hægri hafgolu virðist upprunnin úr urðunarreinum með böggðuðum úrgang. Með breyttum vinnubrögðum væri að öllum líkindum hægt að takmarka lykt t.d. með því að hylja stæður með böggðuðum úrgangi með jarðvegslagi og dúk í lok vinnudags. Í grein 4.3 í starfsleyfi er talað um að baggaður úrgangur þurfi ekki að hylja og aðeins á tímabilinu 1. maí – 30. september ár hvert skal birgja baggastæðu a.m.k. í lok hverrar vinnuviku. Þetta er að líkindum of lítið til að koma í veg fyrir lykt a.m.k. miðað við núverandi útfærslu á söfnun og vinnslu á sorpi. Það er ótækt ef Umhverfisstofnun ætlar að leyfa Sorpu að valda áfram lyktarmengun í Mosfellsbæ næstu árin án þess að taka á því í starfsleyfi fyrirtækisins.

Undanþága fyrir baggastæður ætti ekki að vera í starfsleyfi. Það er baggastæður skal hylja samdægurs líkt og segir í 1. mgr. í grein 4.3 í starfsleyfi.

Endanlegur frágangur urðunarreina.

Í grein 4.5 kemur fram að lágmarks jarðvegslag yfir urðunarreinum sé a.m.k. 1 m. þykkt. Líklega er skynsamlegt að taka fram hámarks jarðvegslag í þessu ákvæði líka t.d. 2 m. þykkt.

Umhverfi urðunarstaðarins.

Umhverfi urðunarstaðarins er frekar óaðlaðandi auk þess sem vindur er eflaust vandamál við frágang reina og vegna foks úr stæðum. Hægt væri að vinna gegn þessu með trjárækt í kringum urðunarstaðinn með skjólbeltum og trjálundum. Þetta skiptir máli og starfsleyfi gæti falið í sér ákvæði um að fyrirtækið útbúi skipulag fyrir skjólbelti og trjálundi og láti gróðursetja þá.

Afurðir fyrirtækisins.

Það vekur athygli að engin ákvæði virðast í þessu starfsleyfi né starfsleyfi fyrir gas og jarðgerðarstöð Sorpu í Álfsnesi um helstu afurðir vinnslunnar þ.e. jarðvegsbæti (moltu) og metan. Hvaða gæðaviðmið á moltan að uppfylla hvað varðar innihald aðskotaefna eins og plasts eða mengunarefna eins og þungmálma? Hvar verður hægt að afsetja moltuna með hliðsjón af innihaldi hennar? Stór hluti metansins virðist brenndur í Álfsnesi til að minnka gróðurhúsaáhrif en er það viðunandi að henda dýrmætu eldsneyti með þeim hætti? Hefði ekki verið rétt að taka á þessum þáttum í þessu starfsleyfi eða starfsleyfi gas og jarðgerðarstöðvarinnar?

Virðingarfyllst



Árni Davíðsson
framkvæmdastjóri